

## Tíu leiðir til að kenna nýsköpun

Samhliða bættri tækni breytast kennsluaðferðir og kerfið sem við nýtum til að miðla þekkingu. Kerfið breytist hægt og bitandi en e.t.v. ekki nægilega hratt fyrir yngri kynslóðina sem undirbýr sig fyrir framtíðina. Það eru hins vegar leiðir fyrir kennara til að flýta ferlinu og bjóða þannig sýnum nemendum verkfæri og lærdómsupplifun sem hvetur til nýskapandi þankagangs. Hér eru 10 leiðir til að hvetja til nýsköpunar í kennslu.

1. Frá verkefnum að lausnarleitarnámi  
Helsta markmiðið í lausnarleitarnámi er að gera nemendur að virkum þátttakendum í námi sínu og þjálfra hæfileika þeirra í rök hugsun og fræðilegum vinnubrögðum. Það er gert með því að afmarka spurningar sem fyrir þeim liggja og nýta fjölbreyttar matsaðferðir sem býður upp á tækifæri fyrir nemendur til að komast að fjölbreyttum niðurstöðum.
2. Kenna aðferðir ekki staðreyndir
3. Skilgreina hugmyndir frá mikilvægum upplýsingum  
Mikilvægt er að nemendur öðlist færni í
4. Að færni verði jafn mikilvæg þekkingu  
Nýsköpun og færni framtíðarinnar eru nátengd. Gott er að velja ákveðna færni sem nemendur skuli tileinka sér á tilteknum tíma, t.a.m. samvinnu og gagnrýna hugsun. Fellið þessa færni inn í kennslustundir. Notið skilgreinda matskvarða til að meta færnina og til að gefa einkunn.
5. Búa til teymi ekki hópa  
Nýsköpun kemur út úr teyjum og samstarfsnetum og hægt er að kenna nemendum að vinna saman. Hópa vinna er algeng en teymisvinna er sjaldgæfari. Hópur er samsafn einstaklinga sem samræma þeirra afköst. Teymi er hópur einstaklinga sem deila sameiginlegum markmiðum og áskorunum. Til að ná fram góðri teymisvinnu skal nýta ákveðnar aðferðir til að t.a.m móta teymin; meta teymisvinnu og vinnu siðferði, auðvelda gæða samskipti í gegnum siðareglur og gagnrýni, kenna endurskoðunarferli og búast við því að nemendur skoði á gagnrýnan hátt bæði verkefni í ferli og þau sem kláruð eru.
6. Nýta verkfæri sem efla hugsanafærni nemenda  
Að stuðla að gagnrýnni hugsanafærni er alltaf áskorun í kennslu. Til eru fjölmargar áhugaverðar leiðir til að efla hugsanafærni nemenda. Til dæmis má nefna You tube og aðra vendikennsluvefi sem leyfa kennurum að skapa og deila kennsluefni sínu á netinu og eru frábær leið til að efla tengsl við nemendur þar sem þeim líður best og á þeim tíma sem þeim hentar. Allslags hugsanakortatól á borð við Mindmaple og MindNode eru á vefnum og fríar vefsíður sem bjóða aðilum upp á frí vefsvæði líkt og weebly og Edublogs eru verkfæri sem hjálpar nemendur að koma verkefnum sínum í framkvæmd.  
<https://globaldigitalcitizen.org/26-critical-thinking-tools-blooms-taxonomy>
7. Nýta skapandi verkfæri  
Iðnaður nýtir ýmis skapandi verkfæri til að örva nýsköpun og skapandi lausnir. Hægt er að færa kennslu í alls kyns leiki og sjónrænar æfingar og auka þannig líkurnar á árangri í námi.

8. Hrósa fyrir uppgötvun

9. Skapa rými í kennslustund fyrir endurgjöf/speglun

Mikilvægt er að hafa umræður í tímum um tiltekin viðfangsefni til þess að gefa nemendum svigrúm til þess að skilja betur og komast að niðurstöðu. Allt of oft er hætt við því að farið er úr einum kafla í annan til þessa að komast yfir það sem á að fara yfir samkvæmt kennsluáætlun.

10. Vertu skapandi

Í allri nýsköpun skiptir máli að vera ófeiminn við að prufa sig áfram og kanna nýjar leiðir. Það á einnig við í kennslu, nýta á fjölbreyttar kennsluleiðir og matsleiðir fyrir fjölbreyttan hóp einstaklinga sem allir læra og meðtaka á mismunandi máta. Mikilvægt að er finna leiðir sem hjálpa nemandanum að hafa gaman af náminu og að finna sjálfur hvaða leiðir hægt sé að nýta við úrlausn verkefna.